

**Nd.**

**684. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 25 12. febrúar 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Kristjánsson, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Til þeirra staða, sem beðið hafa tjón á hafnarmannvirkjum sínum af óviðráðanlegum orsökum öðrum en venjulegri fyrningu, er ríkisstjórninni heimilt að veita fé úr hafnarbótasjóði allt að kostnaðarverði nauðsynlegra endurbóta. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að veita þeim stöðum, sem ekki hafa fjárhagslega getu til þess að byggja nauðsynleg hafnarmannvirki, styrk úr hafnarbótasjóði til þessara framkvæmda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um hafnarbótasjóð voru sett, var um það rætt, að úr þessum sjóði yrði einstökum stöðum, sem örðugt ætlu um vik með að framkvæma nauðsynlegar hafnargerðir, veittur styrkur án þess að þeir yrðu krafðir um framlög á móti. Öll sanngirni mælir einnig með því, að staðir, sem beðið hafa tjón á hafnarmannvirkjum sínum af óviðráðanlegum orsökum, njóti stuðnings sjóðsins.

Með frv. þessu er lagt til, að lögnum um hafnarbótasjóð verði breytt þannig, að ríkisstjórnin geti varið fé úr sjóðnum í þessu skyni.